

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2019
UST201906-190/B.S.
10.05.00


**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Ferðaþjónusta -
Skíðaskálinn í Hveradölum. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að í tillögunni séu tilgreindir þeir umhverfisþættir sem mestu máli skipta í þessu tilfelli. Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsagnir um framkvæmd í Hveradölum sem nú hefur tekið nokkrum breytingum frá fyrri hugmyndum. Umhverfisstofnun lagði sérstaka áherslu á að fjallað yrði um loftgæði á svæðinu með hliðsjón af mögulegri mengun frá Hellisheiðarvirkjun sem gestum gæti stafað hætta af. Förgun affallsvatns frá Hellisheiðarvirkjun sem nýtt verður í Hverdölum og umgengni um hverasvæðið í Hveradölum.

Ráðgert er að fjalla um þessi atriði í frummatsskýrslu og gerir Umhverfisstofnun því ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur